

**Efni: Samningahópur um landbúnaðarmál**

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um landbúnaðarmál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 11 (Landbúnaðarmál og byggðaðpróun). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Samkvæmt álitni meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) skulu eftirtalin meginmarkmið, sem lúta að landbúnaðarmálum og byggðaðpróun, sett í samningaviðræðunum:

- Að stuðla að matvæla- og fæðuöryggi;
- að leggja áherslu á sjálfbærni um matvæli (sem hluti af sjálfbærri þróun);
- að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað þrátt fyrir ákveðnar breytingar í uppbyggingu styrkjakerfisins;
- að kerfið stuðli að hefðbundnum landbúnaði og að skýr stuðningur við mjólkurframleiðslu, sauðfjárbúskap og annan hefðbundinn búskap haldi áfram;
- að stuðlað verði að varðveislu hins íslenska fjölskyldubús;
- að hagsmunir vistvænnar og lífrænnar landbúnaðarframleiðslu verði hafðir að leiðarljósi;
- að landbúnaðinum verði skapað svigrúm til aðlögunar með tilliti til ólíks styrkjakerfis og hnattrænnar stöðu;
- að skoðað verði hvort nauðsyn beri til að útvíkka gildandi reglur ESB til að ná fram heimildum fyrir Ísland til að tryggja sem best stöðu íslenskra bænda;
- að skapa grundvöll til að styrkja íslenskan landbúnað umfram sameiginlegu landbúnaðarstefnunna, t.d. með framleiðslutengdum styrkjum og nýta í því sambandi fordæmi í aðildarsamningi Finnlands;
- að byggðastuðningur miðist t.d. við núverandi starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaganna;
- að Ísland verði allt skilgreint sem svæði norðurslóðalandbúnaðar og
- að kannað verði til hlítar hvort sérákvæði stofnsáttmála ESB um eyjar og héruð sem eru í mikilli fjarlægð frá meginlandi Evrópu geti átt við um stöðu Íslands.

Þá skal haft samráð við samningahópa um byggða- og sveitarstjórnarmál og EES I að því er varðar matvælaöryggi, annars vegar, og byggðaðpróun í dreifbýli, hins vegar.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Sigurgeir Þorgeirsson hefur verið skipaður formaður samningahópsins, en auk hans munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópunum: Fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Þá er fyrir séð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Samtökum iðnaðarins.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.